

Sp.

109. Fyrirspurn

[74. mál]

til iðnaðarráðherra um Sölustofnun lagmetis.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hvaða ástæður lágu til þess að Norðurstjarnan í Hafnarfirði hefur ákveðið að að segja sig úr Sölustofnun lagmetis og hverjir tóku þá ákvörðun?
2. Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til markaðsöflunar og sölustarfsemi á vegum Sölustofnunar lagmetis frá upphafi?
3. Hver var kostnaður vegna söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis í New York og hversu mikið var greitt úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins til þessarar starfsemi?
4. Hverjar voru skuldir söluskrifstofu Sölustofnunar lagmetis í New York þegar henni var lokað og hvernig verða þær greiddar?
5. Hver var kostnaður af starfsemi Sölustofnunar lagmetis á árinu 1979 og tekjur stofnunarinnar það ár og hver er fjárhagsstaða hennar nú?
6. Hverjar hafa verið tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins þau ár sem hann hefur starfað, hvernig greinast þær eftir útflutningsþáttum og hvernig hefur sjóðseign verið ráðstafað eftir árum?
7. Hvers vegna hafa lagmetisiðjur, sem ekki eru í Sölustofnun lagmetis, ekki haft möguleika á að njóta styrks úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins?
8. Hvert var heildartjón aðildarverksmiðja Sölustofnunar lagmetis vegna gallaðra vörusendinga á tímabilinu 1978—1979 og hvernig hafa greiðslur slíkra skaðabótakrafna verið fjármagnaðar?
9. Hve margar kvartanir hafa borist um gallaðar vörusendingar á tímabilinu 1977—1979 og frá hverjum hafa þær borist?